

# STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 1999

4. nóvember 1999

1977

Nr. 728

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar í Reykjavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 31. ágúst 1999, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, frá 1. október 1987, breyttu 2. febrúar 1989. Breytingin felst í því að landnotkun bakhúsa Aðalstrætis 4 er takmörkuð á þann veg að óheimilt er að reka þar veitinga-, vínveitinga- og skemmtistaði. Að öðru leyti er heimilt að vera með aðra starfsemi í húsunum sem samræmist landnotkun aðalskipulags Reykjavíkur 1996-2016 og gildandi deiliskipulags.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 4. nóvember 1999.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson**, skipulagsstjóri.

25. október 1999

Nr. 729

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við u-beygju á mótum Sæbrautar og Héðinsgötu úr austri í austur. Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. október 1999.*

**Böðvar Bragason.**